# FRÉTTABLAÐIÐ

40. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 19. FEBRÚAR 2018




„Þetta er búið að vera súrrealískt," segir Mitch Koster (til hægri) um dvöl sína á Íslandi. Á síðasta náði hann að rekja ættir sínar til Íslands og hafði upp á Birni Antonssyni, föður sínum, en þeir höfðu aldrei hist. Undanfarna daga hefur Mitch dvalið í faðmi hinnar nýfundnu íslensku fjölskyldu og kynnst matarmenningunni og því hve lítið landið er. Sjá síðu 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Mistök við lagasetningu alltof algeng

**Fyrir mistök féll ákvæði úr sakamálalögum við innleiðingu millidómstigs. Reglulega eru lög lagfærð vegna mistaka. Ár er frá því að þingið lagfærði afturvirkt mistök sem hefðu getað kostað tæpa 3 milljarða. „Lagasetning á Íslandi er oft óttalegt fúsk," segir þingmaður.**

**ALÞINGI** Meðferð lagafrumvarpa og þingmála leiðir ítrekað af sér að mistök verða við lagasetningu. Breytingar á líftíma frumvarpa, innleiðing tölvutækni við vinnslu þingskjala auk auðkenningar á breytingartillögum er meðal þess sem tveir þingmenn sjá fyrir sér að gæti leyst úr vandanum.

Fyrir helgi var lögð fram utan þingfundar breyting á lögum við meðferð sakamála. Við breytingar á lögum við stofnun millidómstigs leiddi handvömm til þess að ákvæði úr lögum og hefur ekkert slíkt verið í gildi frá áramótum. Ár er frá því að Alþingi lagfærði afturvirkt mistök í almannatryggingalögum sem hefðu getað kostað ríkið 2,5 milljarða á mánuði.

„Lagasetning á Íslandi er oft óttalegt fúsk sem unnin er í fljótheitum," segir Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar. Hún nefnir ný útlendingalög sem samþykkt voru 2016 og tóku gildi 2017. „Þeim hefur verið breytt fimm sinnum og þar sem gerð voru augljós mistök við setningu þeirra sem komu harkalega niður á hagsmunum fólks."

Helga telur að það væri til bóta að þingmál myndu lifa út kjörtímabilið í stað þess að falla dauð niður í lok hvers þings. „Með því móti væri unnt að vanda betur til verka."

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, tekur í sama streng. „Það er oft gífurleg tímapressa á þinginu og lítill eða enginn fyrirsjáanleiki um hvaða mál verða kláruð hvenær. Þingmenn eru ítrekað settir í þá stöðu að kynna sér stór og viðamikil mál á stuttum tíma."

Helgi segir litla virðingu borna fyrir vandamálinu. Þingmenn sem setið hafa lengi séu oft búnir að venjast fyrirkomulaginu og geti illa sett sig í spor þeirra sem finnst þetta vandamál. Hægt væri að skila lögum frá þinginu, sem ekki þyrfti sífellt að plástra, með breyttu fyrirkomulagi.

„Það er þreytandi hvernig lítið er gert úr því þegar þingmenn kvarta yfir skorti á tíma og fyrirsjáanleika. Þetta er stofnun sem snýst um að fara með ágreiningsefni og því er undirliggjandi hvati til að láta eins og þetta sé ekki vandamál."

Árið 2015 lagði Helgi fram þingsályktunartillögu um tölvutækt snið þingskjala og auðkenningu breytingartillagna. Sú fyrrnefnda varð að ályktun og vinnur starfshópur nú samkvæmt henni. **– jóe**

## Fundað stíft vegna aksturs þingmanna

**ALÞINGI** Akstursfé þingmanna verður tekið fyrir á þingflokksfundi Sjálfstæðismanna í dag. Þá fundar forsætisnefnd vegna málsins. Heimildir blaðsins herma að stjórnarandstæðingar í forsætisnefnd muni fara fram á að utanaðkomandi aðilar verði fengnir til að rannsaka akstursbækur þingmanna til að skera úr um hvort farið hafi verið á svig við reglur. Forsætisráðherra segist ekkert sjá að því að akstursbækur séu opinberaðar aftur í tímann. **– sa**



/ sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag




**SKOÐUN** Hanna Katrín Friðriksson vill rýma fyrir aukinni samkeppni á leigubílamarkaði. **10**

**SPORT** Nýtt gervigras verður lagt á Samsung-völlinn í Garðabæ í vor. **12**

**TÍMAMÓT** Samtök prófessorsins Sigrúnar Klöru Hannesdóttur vilja koma upp skólahúsi í perúsku smáþorpi. **16**

**LÍFIÐ** Tónskáldið Daníel Bjarnason segir mikinn heiður að hafa hlotið Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin 2018. **22**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ**
● FÓLK ● FASTEIGNIR


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Útlit er fyrir allhvassa eða hvassa sunnanátt og áfram vætusamt. Styttir upp og léttir til norðaustantil á landinu eftir hádegi. Hiti 3 til 8 stig. SJÁ SÍÐU 18

# Dæmdur fyrir líkamsárás á Lundanum

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var í upphafi mánaðar dæmdur í 28 mánaða fangelsi fyrir líkamsárás og tollalagabrot. 22 mánuðir refsingarinnar eru bundnir skilorði. Með brotunum rauf maðurinn skilorð sem útskýrir lengd refsingarinnar.

Manninum var gert að sök að hafa árið 2016 gengið í skrokk á öðrum manni á veitingastaðnum Lundanum í Vestmannaeyjum. Var sú líkamsárás sögð stórfelld í ákæru. Saksóknara tókst ekki að sanna nema lítinn hluta brotsins og var maðurinn því ekki sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás.

Maðurinn játaði hins vegar að hafa haft í fórum sínum ellefu ólöglega innfluttar tóbaksdósir. Honum var gert að greiða fjórðung alls sakarkostnaðar, rúmar 550 þúsund krónur.

Hinn sakfelldi á að baki langan brotaferil. 2010 var hann dæmdur í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir frelsissviptingu, líkamsárás og rán og árið 2011 hlaut hann fjögurra ára dóm fyrir líkamsárás. **– jóe**

# Ofsaveður á miðvikudag

**VEÐUR** Búist er við slæmu veðri um allt land og jafnvel ofsaveðri Vestanlands á miðvikudaginn. Ekki er hægt að útiloka að veðurofsinn teygi sig austur eftir landinu. Veðrið mun ná hámarki um hádegisbilið og þurfa vegfarendur að fylgjast vel með spám ætli þeir að leggja í hann um miðja vikuna.

„Eins og spárnar eru núna þá er útlit fyrir að versta veðrið verði á vestanverðu landinu,“ segir Daníel Þorláksson, veðurfræðingur á Veðurstofunni. „Útlit er fyrir hörkuvindstrengi á Snæfellsnesinu og við Látrabjarg og gerir spáin ráð fyrir að hviður fari yfir 40 metra á sekúndu á Snæfellsnesi.“ **– sa**

# Blómvöndur fyrir frúna



Makar kvenna litu margir hverjir við í blómabúð í gær og fyrradag til að færa betri helmingnum blómvönd í tilefni af konudeginum. Daginn ber ávallt upp á sunnudag og markar upphaf góu. Sá siður að færa konum blóm á deginum er frá miðbiki síðustu aldar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Óttast að öfgar fylgi frumvarpi

**ALÞINGI** „Hættan sem blasir við verði frumvarpið að lögum, er sú að gyðingdómur og Íslam verði gerð að glæpsamlegum trúarbrögðum og að einstaklingar sem aðhyllast þau verði bannaðir hér á landi eða óvelkomnir. Allar slíkar öfgar skulum við forðast.“

Þetta segir Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, í umsögn um frumvarp Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, um bann við umskurði drengja.



Hún segir að í tillögunni mætist tvö ólík mannréttindasjónarmið. Annars vegar óafturkræft inngrip í líkama drengja og hins vegar réttur barna til að alast upp við trúarlegar hefðir foreldra sinna. **– bg**






# Óþekktur sonur til Íslands hálfri öld síðar

**Íslenskur maður rak upp stór augu þegar hann komst að því að hann ætti fimmtugan son í Bandaríkjunum. Sonurinn nýtur nú landsins í faðmi íslenskrar fjölskyldu. Hann vonar að Íslendingar séu ekki orðnir ónæmir fyrir fegurð landsins.**

**FÓLK** „Þetta hefur verið súrrealískt,“ segir Bandaríkjamaðurinn Mitch Koster. Mitch hefur síðustu daga dvalið í faðmi íslenskrar fjölskyldu sinnar en hann uppgötvaði síðasta haust að faðir hans væri íslenskur.

Mitch, sem verður fimmtugur í maí, var gefinn til ættleiðingar við fæðingu. Til að hafa upp á blóðfjölskyldu sinni fór hann í erfðarannsókn. Sú könnun leiddi hann að dóttur móðursystur sinnar og í gegnum hana fann hann móður sína. Sú sagði honum að faðir hans hefði borið nafnið Björn Antonsson.

„Leit að honum reyndist í fyrstu smá bras því nafnið er nokkuð algengt í Skandinavíu,“ segir Mitch. Það var því lán þegar íslenskur ættingi hans í Texas, Hermann Kristinsson, hafði samband við hann eftir að Hermann komst að því að þeir væru fimmmenningar. Téður Hermann gat flett Birni, föður Mitch, upp í Íslendingabók og í kjölfarið fundu þeir hann á Facebook.

„Hermann hafði samband við mig, kom mér í samband við Mitch og síðan förum við í DNA-próf. Niðurstöður úr því bárust síðasta haust. Það voru 99,9 prósent líkur á að við værum feðgar,“ segir Björn og hlær. Björn hafði kynnst móður Mitch þegar hann var við nám í flugvirkjun í Tulsa í Oklahoma. Þegar hann fór þaðan hafði hann ekki hugmynd um að hún væri þunguð.

Eftir þetta kom ekkert annað til greina en að Mitch kæmi í heimsókn til Íslands. „Við fjölskyldan sóttum hann út á flugvöllinn, gáfum honum morgunmat og höfum síðan verið að skoða borgina. Hann er búinn að smakka hákarl og á föstudaginn var sviðaveisla og þar át hann augun alveg eins og pabbi hans!“ segir Björn. „Það er ekki hið eina sem er líkt með okkur því húmorinn er svipaður og ýmsir taktar leyna sér ekki.“




Þær voru hlýjar móttökurnar sem Mitch fékk í flugstöð Leifs Eiríkssonar.

„Hann varð eiginlega fyrir nokkrum vonbrigðum með viðbrögð mín þar sem hann bjóst við því að ég myndi spýta þessu út úr mér,“ segir Mitch og hlær. Hann segir Ísland vera stórkostlegt og vonar að Íslendingar séu ekki orðnir ónæmir fyrir fegurð þess. Þá hefur hann kynnst því hve lítið Ísland er.

„Svo eru allir svo vinalegir. Ég lenti í því á bílastæði við verslun að nafn mitt var kallað. Ég var eitt stórt spurningarmerki enda skildi ég ekki hver gæti þekkt mig hér á landi. Þá reyndist þetta vera góð vinkona systur minnar,“ segir Mitch og skellir upp úr.

Íslandsdvöl Mitch rennur sitt skeið á fimmtudag en þangað til mun hann skoða sig um og njóta í faðmi fjölskyldunnar.

joli@frettabladid.is

TOYOTA

# HVERT SEM ÞÚ FERÐ, ÞÁ SMYRJUM VIÐ TIL VEGAR

**Sértilboð á smurþjónustu 14.–28. febrúar hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota um allt land**

ALWAYS A BETTER WAY




**Sértilboð á** olíum, olíusíum, loftsíum, frjókornasíum, bensín- og hráolíusíum, þurrkublöðum, þurrkugúmmíi, ljósaperum, rúðuvökva, frostlegi og vinnusölu.*

## Engin vandamál – bara lausnir

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ | 570-5070 |
| 2 | Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri | 460-4300 |
| 3 | Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi | 480-8000 |
| 4 | Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 19 | Reykjanesbæ | 420-6610 |
| 5 | Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | Reykjavík | 540-4900 |
| 6 | Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík | 440-8000 |
| 7 | Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Skemmuvegi 16 | Kópavogi | 440-8000 |
| 8 | Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum | 481-1216 |
| 9 | Bílatangi | Suðurgötu 9 | Ísafirði | 456-4580 |
| 10 | Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki | 455-4570 |
| 11 | Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | Húsavík | 464-1888 |
| 12 | Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | Egilsstöðum | 470-5070 |
| 13 | Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ | 421-6901 |

*Afsláttur af vörum gildir eingöngu með vinnusölu.

# Sigurður játar smygl og segir Sunnu Elviru hafa vitað af öllu saman

**LÖGREGLUMÁL** Sigurður Kristinsson hefur játað að hafa reynt að smygla miklu magni fíkniefna hingað til lands frá Spáni í síðasta mánuði. Hann segist jafnframt hafa sagt Sunnu Elviru Þorkelsdóttur, eiginkonu sinni sem nú liggur alvarlega slösuð á sjúkrahúsi í Malaga á Spáni, frá útflutningnum. Þetta herma öruggar heimildir, en frettabladid.is greindi fyrst frá málinu í gær. Ekki náðist í Sunnu Elviru í gær, þrátt fyrir ítarlegar tilraunir.

Samkvæmt heimildum segir Sigurður að Sunna hafi enga aðkomu haft að fíkniefnasmyglinu, en að hann hafi upplýst hana um það eftir að tveir menn voru handteknir í tengslum við málið. Það hafi verið skömmu áður en hann kom til Íslands, þar sem hann sjálfur var handtekinn. Sunna hefur sjálf sagt í viðtölum að hún hafi aðeins heyrt um málið í fjölmiðlum.

Sigurður segist hafa ákveðið að koma til landsins til þess að reyna að losa félaga sinn úr gæsluvarðhaldi, og fullyrðir að sá maður sé saklaus, en að hann hafði fengið manninn til að taka á móti pakkanum. Segist hann hafa logið því að honum að um væri að ræða litla sendingu með sterum eða brennslutöflum. Um var að ræða pakka með sex kílóum af fíkniefnum, samkvæmt upplýsingum blaðsins.

Sunna hefur sjálf í viðtölum sagst ekki hafa haft neina vitneskju um málið og lögregla vill ekki upplýsa um hvort hún hafi réttarstöðu sakbornings hér á landi. Hún er enn í Malaga, þar sem hún er í ótímabundnu farbanni.

Sigurður er einnig grunaður um stórfelld skattaundanskot og þjófnað úr félaginu SS hús ehf. sem tekið var til gjaldþrotaskipta 10. janúar.


Sunna Elvira er í farbanni og liggur slösuð á sjúkrahúsi í Malaga á Spáni.

Samkvæmt heimildum munu undanskot eigna og óútskýrðar millifærslur af reikningum félagsins hlaupa á hundruðum milljóna króna.

Þá er félagið einnig til rannsóknar hjá skattayfirvöldum meðal annars vegna mikilla vanskila á vörsluskóttum. Málið mun hins vegar ekki komið til rannsóknar hjá héraðssaksóknara.

Líkt og greint hefur verið frá er Sunna í farbanni á Spáni. **– aá**

## N4 óskar aukins hlutafjár

**FJÖLMIÐLAR** Stjórn fjölmiðlafyrirtækisins N4 hefur gefið heimild til að leita að auknu hlutafé inn í fyrirtækið. Jón Steindór Árnason, stjórnarformaður N4, segir töluvert fé vanta inn í reksturinn svo hann geti haldið sjó.

Rekstur N4 stóð ekki undir sér síðustu sex mánuði í fyrra og því þurfti að grípa til uppsagna og skipulagsbreytinga á rekstri félagsins.

Stærstu hluthafar N4 eru KEA og fjárfestingarsjóðurinn Tækifæri sem meðal annars er í meirihlutaeigu Stapa lífeyrissjóðs, KEA og Íslenskra verðbréfa.

„Það er töluvert sem vantar upp á. Við höfum fengið heimild til að auka hlutaféð um 50 milljónir,“ segir Jón Steindór. „Fyrirtækið velti um 200 milljónum á síðasta ári svo þetta er nokkuð stór tala í því samhengi. Þetta endurspeglar það rekstrarumhverfi sem fjölmiðlar hafa verið í síðustu ár.“

María Björk Ingvadóttir, framkvæmdastjóri N4, segir samkeppnisstöðu N4 vera skakka þar sem semja þurfi við Vodafone og Símann um dreifingu, aðalkeppinauta N4. Einnig sé ríkið stór leikandi á markaði. „Tveggja daga rekstrarfé til RÚV myndi duga okkur á árs basis til að halda okkur gangandi. Við ættum að horfa til Norðmanna sem eru með gott kerfi fyrir fjölmiðlun í hinum dreifðu byggðum landsins, þangað ættum við að horfa,“ segir hún. **– sa**

### LEIÐRÉTTING

*Sveitarstjórnarfulltrúar í Grýtubakkahreppi fá 55 þúsund krónur á mánuði og síðan 22 þúsund krónur fyrir hvern fund en ekki 44 þúsund á fund eins og sagði í blaðinu á laugardag vegna rangra upplýsinga frá hreppnum.*

# Fara fram á að utanaðkomandi rannsaki aksturdagbækurnar

**Forsætisráðherra vill allt upp á yfirborðið og telur eðlilegt að akstursdagbækur þingmanna séu aðgengilegar landsmönnum. Þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins segir þingmenn auðveldlega geta veitt upplýsingar um eigin akstur. Akstursfé þingmanna verður tekið fyrir á þingflokksfundi Sjálfstæðismanna í dag.**

**ALÞINGI** Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins mun fara ítarlega yfir akstursfé þingmanna á fundi sínum í dag. Formaður þingflokksins segir þingmenn alltaf geta veitt ítarlegri upplýsingar en þingið gerir. Einnig munu stjórnarandstæðingar í forsætisnefnd óska eftir því að utanaðkomandi aðilar verði fengnir til að rannsaka akstursbækur þingmanna til að skoða hvort reglur hafi verið brotnar í þeim efnum.

„Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að setja allar þessar upplýsingar upp á borð. Alþingi á að fara undir upplýsingalög og frumvarp er í undirbúningi hjá mér með heildarendurskoðun upplýsingalaga í huga,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Hún segist ekkert sjá að því að akstursdagbækur verði gerðar opinberar aftur í tímann og að enginn þingmaður eigi að græða á ferðum sínum. „Það voru birtar á dögunum aksturstölur aftur í tímann þannig að ég sé ekkert að því. Ég hef engar áhyggjur af því að þessar upplýsingar verði gerðar opinberar.“

Birgir Ármannsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segir eðlilegt að eyða tortryggni og að þingmenn geti veitt ítarlegri upplýsingar en þingið gerir. „Við ætlum að ræða aðeins um þessa hluti,“ segir Birgir. „Þetta verður rætt hjá okkur í dag. Eins og fram hefur komið eru menn að ræða að það sé eðlilegt að upplýsingar um kostnaðargreiðslur séu opinberar. Það er rétt að eyða tortryggni með því að hafa þessar upplýsingar opinberar. Við munum ræða það í okkar þingflokki hvernig menn vilja gera þetta sjálfir því þingmenn geta alltaf veitt ítarlegri upplýsingar en þingið gefur.“


Mörg skúmaskotin innan veggja Alþingis eru hulin landsmönnum. Líklegt þykir hins vegar að ljóstýra nái á næstu vikum inn í það horn sem geymir akstursdagbækur þingmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Birgir Ármannsson


Katrín Jakobsdóttir

Forsætisnefnd þingsins mun einnig taka málið fyrir á fundi sínum í fyrramálið. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu þingmenn stjórnarandstöðunnar varpa því fram hvort ekki sé eðlilegra að utanaðkomandi rannsókn fari fram á akstursdagbókum þingmanna til að rannsaka hvort reglur hafi verið brotnar.

Hanna Katrín Friðriksson, formaður þingflokks Viðreisnar, segir sjálftöku þingmanna í þessum efnum á gráu svæði. „Þetta þarf að opinbera. Það er alveg ljóst að þingmenn eiga ekki að hagnast persónulega á eigin akstri sem þingmenn,“ segir Hanna Katrín. **sveinn@frettabladid.is**





SMURÞJÓNUSTA - TILBOÐ

15% afsláttur
af efni og vinnu í febrúar.

Sinnum öllum almennum
**viðgerðum á flestum**
tegundum bifreiða.

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir í síma 534 4433
Erum á Smiðshöfða 5

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**




The Power to Surprise

## 58 km rafmögnuð drægni – einn af kostum Niro

**Kia Niro Plug-in Hybrid** er aflmikill og umhverfismildur rafbíll með allt að 58 kílómetra drægni á rafmagni og einstaklega sparneytna bensínvél. Þessi dugmikli sportjeppi fæst á lækkuðu verði og honum fylgir **hleðslustöð með uppsetningu, hleðslukapall og vetrardekk** í takmörkuðu magni. Tryggðu þér Kia Niro Plug-in Hybrid með rafmögnuðum kaupauka.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro með 7 ára ábyrgð*. Við tökum vel á móti þér.**

Kia Niro PHEV, sjálfskiptur, á verði frá:

**3.790.777 kr.**

1,6 bensín/rafmagn, 141 hestafl

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# Mesta fjölgun á Vestfjörðum í áratugi

**Vestfirðingum hefur fækkað undanfarna áratugi, en nú er öldin önnur. Formaður bæjarráðs Ísafjarðar segir fjórðunginn vera að spyrna við fótum. Ný atvinnutækifæri á svæðinu blási íbúum von í brjóst.**

**BYGGÐAÞRÓUN** Í árslok bjuggu um 7.000 íbúar á Vestfjörðum en Vestfirðingum hefur fækkað jafnt og þétt síðustu 100 ár. Þegar mest var voru Vestfirðingar um 13.400 talsins. Fækkun til sveita hefur haft hvað mest áhrif á byggðaþróun á Vestfjörðum.

Íbúum í þéttbýli hefur hins vegar fjölgað á þessum tíma. Árið 1920 bjuggu aðeins tæplega 2.000 manns á Ísafirði en nú búa í hinu sameinaða sveitarfélagi Ísafjarðar tæplega 4.000 manns sem sýnir á einhvern hátt þá breytingu sem hefur átt sér stað í stærsta sveitarfélagi landshlutans.

Einnig er áhugavert að sjá að fjölgunin í Vesturbyggð síðustu fimm ár er meiri en landsmeðaltalið sem segir okkur að sunnanverðir Vestfirðir eru ákjósanlegt búsetusvæði séu atvinnutækifæri fyrir hendi.

Tvö sveitarfélög hins vegar skera sig úr hvað varðar fólksfækkun. Íbúum í Strandabyggð fækkar um 11 prósent á síðustu fimm árum, eða rúmlega tvö prósent á ári að meðaltali sem verður að teljast nokkuð mikið. Einnig er mikil fækkun á Tálknafirði en þaðan hefur fimmti hver íbúi farið á síðustu fimm árum.

Arna Lára Jónsdóttir, formaður bæjarráðs Ísafjarðar, segir fjórðunginn vera að spyrna við fótum. Ný atvinnutækifæri í sjókvíaeldi blási íbúum von í brjóst og ljóst sé að fjöldi einstaklinga hafi flust vestur til að taka þátt í uppbyggingu þessa nýja atvinnuvegar. „Það er alveg ljóst að Vestfirðir eru ákjósanlegir til búsetu. Því er mikilvægt að við setjum fleiri stoðir undir byggðirnar. Þessar nýju stoðir eru ferðaþjónusta og eldi og við erum að sjá fjölskyldur koma hingað í leit að hagstæðu fasteignaverði og tryggri atvinnu,“ segir Arna.

Vestfirðir eru í raun þrjú svæði vegna ótryggra samgangna; suðurfirðir, Djúpið og svo Strandirnar. Dýrafjarðargöng munu fækka þessum svæðum í tvö. Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri í Vesturbyggð, segir tengingu sunnanverðra Vestfjarða við þjóðveg 1 til háborinnar skammar. „Þá skiptir það engu hvaða stjórnmálaflokkar eru við völd. Þetta er bara til skammar og stendur atvinnulífi hér fyrir þrifum.“ **sveinn@frettabladid.is**



Silfraði bjargvætturinn? Laxeldið virðist gera Vestfirði aftur ákjósanlega til búsetu. Fjölgun þar er meiri en meðaltal á landinu síðustu 5 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ARON INGI

## Breyting á íbúafjölda sveitarfélaga á Vestfjörðum




| | |
|---|---|
| **2,01%** | Hlutfall Íslendinga sem búa á Vestfjörðum |
| **6.995** | Íbúar á Vestfjörðum í lok árs 2017 |
| **110** | Fjölgun á síðasta ári |
| **1,6%** | Fjölgun á síðasta ári |
| **2,77%** | Fjölgun á Ísafirði í fyrra |
| **7,3%** | Fjölgun í Vesturbyggð síðustu fimm árin |
| **11,76%** | Fækkun í Strandabyggð síðustu fimm árin |
| **20%** | Fækkun á Tálknafirði síðustu fimm árin |



Arna Lára Jónsdóttir




# Hreppurinn var tilbúinn að bjóða hærra í fálka Ríkarðs á uppboðinu

**MENNING** „Það var ekkert annað í stöðunni en að bregðast hart við,“ segir Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri á Djúpavogi, þar sem nú er beðið eftir heimkomu útskorins fálka eftir Ríkarð Jónsson sem hreppurinn keypti á uppboði í London.

Listamaðurinn Ríkarður Jónsson er frá bænum Strýtu í Hamarsfirði innan við Djúpavog. Dætur Ríkarðs, Ásdís og Ólöf, ánöfnuðu hreppnum allar eignir sínar, þar með talinn fjölda verka sem faðir þeirra hafði gert. Þau eru til sýnis í hinni sögufrægu Löngubúð á Djúpavogi. Og þangað er stefnt fálkanum sem Ríkarður skar út árið 1950 og rataði síðan út til Englands.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu greiddi hreppurinn 200 þúsund krónur fyrir Ríkarðsfálkann á uppboði 6. febrúar. Gauti segir kveikjuna hafa verið frétt Fréttablaðsins af því að uppboðið stæði fyrir dyrum. Þá hafi verið hart brugðist við og bresku hjónin Felicity og Michael Bullock, sem eiga jörðina Hvalnes, hafi verið fengin til að mæta og bjóða í fálkann.

„Þau eru sjálf að versla með antík og eru öllum hnútum kunnug svo þetta steinlá,“ segir Gauti sem aðspurður jánkar því að hreppurinn hafi verið tilbúinn að greiða enn hærra verð en fálkinn fékkst á. Menn séu því ánægðir með viðskiptin.



Ríkarðsfálkinn flýgur heim með Íslandsvinum í vor.

> Þau eru sjálf að versla með antík og eru öllum hnútum kunnug svo þetta steinlá.
>
> Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri á Djúpavogi



List Ríkarðs Jónssonar er gert hátt undir höfði á Djúpavogi. „Við erum með Ríkarðssafn í Löngubúð og þegar fram líða stundir þá tekur til starfa hér svokallað Ríkarðshús,“ segir Gauti.

Hreppurinn hefur fengið 500 þúsund króna styrk úr Uppbyggingarsjóði Austurlands til að opna sýningu í Löngubúð 1. desember í tilefni eitt hundrað ára afmælis fullveldis Íslendinga.

„Það tengist náttúrlega Ríkarði beint því hann átti upphaflegu hönnunina að íslenska skjaldarmerkinu,“ segir Gauti.

Hann segir hreppinn eiga marga mjög fallega gripi eftir Ríkarð af mjög fjölbreytilegu tagi. Fálkinn muni sóma sér vel innan um þessi verk. „Felicity og Michael koma í vor og taka hann væntanlega með sér – nema það gefist einhver önnur ferð.“ **– gar**




# NÚTÍMA LÍFSTÍLL
# GERIR KRÖFUR TIL ELDHÚSSINS



HAVANA



SHAKER WHITE



DARK HARMONY

*Nútíma lífstíll kallar á kröfur. Á sama hátt og við höfum væntingar til lífsins, gerum við kröfur til eldhússins okkar. Líttu til okkar, lýstu kröfum þínum og leyfðu okkur teikna draumaeldhúsið þitt. Ævintýrið byrjar á heimsókn í glæsilegan sýningarsal okkar í Lágmúla 8, 2. hæð, þar sem allar helstu nýjungar eru til sýnis.*

ORMSSON
Lágmúla 8 • sími 530 2800

HTH









Bæjarfulltrúar minnihlutans í Hafnarfirði hafa áhyggjur af því hversu mörgum lóðum sem úthlutað var í Skarðshlíð hefur verið skilað. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Hafnfirðingar skilað helmingi lóða vegna íþyngjandi skilmála

**HAFNARFJÖRÐUR** „Við höfum verið að fá ábendingar frá fólki um að þetta tengist íþyngjandi skilmálum sem þarna eru,“ segir Adda María Jóhannsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði. Hún og fleiri fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn hafa lýst áhyggjum sínum af hversu mörgum lóðum, sem úthlutað var í Skarðshlíðarhverfi í haust, hefur verið skilað.

Aðspurð segir Adda María að samantekt hennar á þeim málum sem tekin hafa verið fyrir í bæjarráði og varða einbýlis- og parhúsalóðir sem hefur verið skilað, sýni að það sé um helmingur lóðanna.

„Það var um 20 lóðum úthlutað í september síðastliðnum en um tíu til ellefu þeirra var skilað.“

Einhverjum þeirra hefur síðan verið endurúthlutað til umsækjenda á biðlista en á fundi bæjarstjórnar á miðvikudag var enn verið að taka fyrir skil á lóðum í hverfinu. Adda María segir þetta óvenjulegt og að vísbendingar séu um skýringar. Í einhverjum tilfellum geti verið um fjármögnunarvanda að ræða en ábendingar hafi borist um að skilmálar er varða meðal annars efnisval á hús og svokallaða djúpgáma hafi vegið þungt í mörgum tilfella.

Djúpgámar eru sameiginlegar, innbyggðar og niðurgrafnar sorpgeymslur fyrir nokkur hús í sömu götu. Nokkuð sem fólki hafi greinilega fundist óþægilegt.



Adda María Jóhannsdóttir

„Þarna er um að ræða einbýlis- og parhús og fólk vill kannski losna við slíkt samkrull og vera út af fyrir sig. Það hafa verið athugasemdir gerðar við að utan um þessa gáma þurfi að stofna húsfélög, þetta sé aukinn kostnaður og fólk þurfi sjálft að standa straum af þrifum og þess háttar.“

Adda María segir meirihlutann hafa lýst því yfir að þessi mál séu í endurskoðun.

„Ég hef hins vegar áhyggjur af því að ef þau ætla að endurskoða þessa skilmála núna sé það svolítið súrt í broti fyrir þá sem þegar eru búnir að skila lóðunum á þessum forsendum.“

Þá hafi verktaki skilað lóðum þar sem dregist hafi fram úr hófi að setja rafmagnslínur sem liggja yfir ysta hluta hverfisins í jörðu.

„Þetta er mjög miður því okkur veitir sannarlega ekki af að úthluta lóðum því það hefur nánast ekkert gerst í þeim efnum í langan tíma og þetta hverfi var þannig séð tilbúið fyrir hrun.“ **– smj**



# Seðlabankastjóri í gæsluvarðhald

**LETTLAND** Ilmars Rimsevics, seðlabankastjóri í Lettlandi, situr í gæsluvarðhaldi grunaður um spillingu. Ekki hafa frekari upplýsingar fengist um eðli meintra brota seðlabankastjórans.

Þarlend yfirvöld gerðu húsleit á heimili Rimsevics og skrifstofu hans í gær.

Forsætisráðherra Lettlands, Maris Kucinskis, hefur boðað til ríkisstjórnarfundar strax í dag vegna málsins. Hann segir ekkert benda til þess að fjármálakerfinu í landinu sé með einhverjum hætti ógnað vegna ásakananna .

Lettneski seðlabankinn sendi frá sér yfirlýsingu vegna málsins í gær. Þar sagði að engin spilling liðist innan stofnunarinnar, en mál bankastjórans komi ekki til með að hafa áhrif á daglegan rekstur bankans. **– ósk**



**Philip Green ásamt fyrirsætunni Kate Moss, en þeim er vel til vina.**

# Philip Green vill selja Topshop

**BRETLAND** Sir Philip Green, eigandi Arcadia Group sem meðal annars á verslunina Topshop, er sagður í viðræðum við Shandong Ruyi, kínverskt fyrirtæki, um að selja allt eða að minnsta kosti einhvern hluta af eignasafni Arcadia, eftir því sem breski miðillinn Sunday Times kemst næst. Shandong Ruyi hefur undanfarið hefur verið að hasla sér völl í tískugeiranum í Evrópu,

Eignasafn Arcadia telur um 2.800 verslanir um heiminn, meðal annars þekkt merki á borð við Dorothy Perkins, Miss Selfridge og Burton. 26.000 einstaklingar starfa í verslunum Arcadia.

Topshop, sem er þekktasta eign Arcadia, hefur undanfarið átt á brattann að sækja í harðnandi samkeppni við vefverslanir á borð við Asos og Boohoo.com.

Ekkert kemur fram í frétt Sunday Times um mögulegt kaupverð. **– ósk**

# Fjarstýrði nauðgunum á ungbörnum

**SVÍÞJÓÐ** 39 ára gamall maður var dæmdur í undirrétti í Östersund í Svíþjóð í 14 ára fangelsi fyrir að hafa pantað nauðganir á börnum á Filippseyjum í 32 skipti á árunum 2011 til 2016. Um er að ræða filippseysk börn undir níu ára aldri, ungbörn þar með talin. Hann var jafnframt dæmdur fyrir annað gróft kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.

Maðurinn sagði til um framkvæmd ofbeldisins í gegnum netið og vefmyndavél. Hann tók myndskeið af því þegar börnunum var nauðgað og vistaði þau í tölvu sinni. Maðurinn var einnig dæmdur fyrir vörslu barnakláms. Talið er að hann hafi greitt mæðrum barnanna fyrir að beita þau kynferðislegu ofbeldi samkvæmt fyrirmælum hans.

Þá hafði hinn dæmdi komið fyrir myndavélum á salernum í Östersund til að taka myndir af notendum þeirra. **– ibs**

# Vilja að skotárásin í Flórída verði vendipunktur

**BANDARÍKIN** Nemendur sem lifðu af árás Nikolas Cruz í skóla í Flórída þann 14. febrúar síðastliðinn kalla eftir breyttri löggjöf um skotvopnaeign í Bandaríkjunum. Nemendur krefjast þess að árásin síðasta miðvikudag verði gerð að vendipunkti í umræðunni um skotvopn. Í árásinni myrti Cruz sautján manns, bæði nemendur og kennara, og er árásin mannskæðasta skotárás í skóla frá árinu 2012.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur verið undir miklum þrýstingi að beita sér fyrir breyttri skotvopnalöggjöf líkt og forveri hans Barack Obama. Á síðasta ári lét þó Trump hafa eftir sér að hann myndi aldrei brjóta á réttindum fólks til að eiga vopn.

Á mótmælafundi á laugardag steig nemandinn Emma Gonzales í pontu og hellti úr skálum reiði sinnar yfir Bandaríkjaforseta og aðra stjórnmálamenn sem hafa þegið greiðslur frá NRA, sem eru valdamikil bandarísk samtök sem berjast fyrir réttindum fólks til byssueignar.

Í gær kynntu nemendurnir svo herferð þar sem þeir krefja stjórnmálamenn aðgerða. Herferðin nefnist March for our lives, sem gæti útlagst sem Gangið fyrir lífi okkar. Nemendurnir hafa því efnt til allsherjar mótmælagöngu þann 24. mars þar sem þess er krafist að börn og fjölskyldur þeirra verði sett í forgang hjá stjórnvöldum. **– bsp**



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, er hallur undir byssueign almennings í heimalandinu.**





Aktiva
Hugsaðu út fyrir bankann
Sími: 5 100 550 | aktiva@aktiva.is

# Öll eggin



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það hefur aldrei þótt skynsamlegt að hafa öll eggin í einni og sömu körfunni. Sérstaklega eru stórfelldir en fábreyttir atvinnuhættir varasamt fyrirbæri því engin atvinnustarfsemi er svo fyrirsjáanlega stöðug um ókomna tíð að hún sé þess virði að leggja heilu samfélögin að veði. Þetta þekkjum við Íslendingar vel frá þeim tíma sem fjármálastarfsemi átti að vera fyrir okkur það sem olían hefur verið fyrir Norðmenn en svo fór sem fór.

Norska þjóðin hefur hagnast gríðarlega á því að sækja olíu í Noregshaf en áframhaldandi olíusókn lengra til norðurs hugnast þó ekki öllum. Það merkilega er að andstöðu við áform norskra stjórnvalda er helst að finna hjá heimamönnum í nyrstu byggðum landsins. Ástæðan er að rannsóknir sýna að olíuvinnsla á hafsvæðum veldur meira tjóni á fiskimiðum og náttúru hafsvæða en áður var talið. Veldur tjóni á því sem er hin eiginlega undirstaða samfélags á norðurslóð í Noregi og hefur verið um langt skeið.

Þessi andstaða í Noregi kemur upp í hugann þegar litið er til þess að hluti íbúa á suðurfjörðum Austfjarða leggst nú eindregið gegn stórfelldu sjókvíaeldi í Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og Berufirði. Andstæðingar eldisins benda á að næga og fjölbreytta vinnu sé að hafa á svæðinu en að því sé ógnað með áformum fyrirtækis sem er að mestu í eigu erlendra aðila. Þetta fjölbreytta atvinnulíf byggir nefnilega m.a. á fiskveiðum, fiskvinnslu, ferðaþjónustu og ýmissi afleiddri þjónustu. Atvinnugreinum sem eru háðar því að hreinleiki náttúrunnar sé tryggður en er með stórfelldu laxeldi inni á fjörðum verulega ógnað.

Þó svo laxeldi hafi haft jákvæð áhrif á atvinnulíf og byggðir Vestjarða þá þýðir það ekki að eitt og hið sama þurfi að henta öðrum svæðum. Sífelld aukning, útbreiðsla og stækkun eldisstöðva þarf auðvitað ekki að vera einhvers konar náttúrulögmál. Ekki frekar en þensla íslenska bankakerfisins var á sínum tíma eða það sem sumir hafa kallað olíufíkn norsku stjórnmálastéttarinnar. Hófsemi og stöðugleiki, þar sem því er sinnt með öllum ráðum að lágmarka umhverfisáhrif, getur reynst mun heillavænlegri leið fyrir atvinnulífið í heild sinni þegar til lengri tíma er litið.

Áform um stórfellt sjókvíaeldi á suðurfjörðum Austfjarða er ekki í samræmi við hófsemi eða fjölbreytta atvinnustefnu. Hið sama má mögulega segja um nýtt frumvarp til laga um fiskeldi en samkvæmt því þurfa fiskeldisfyrirtæki aðeins að skrá sig hjá Umhverfisstofnun í stað þess að sækja um leyfi hjá stofnuninni eins og áður var. Umhverfisstofnun hefur reyndar varað við því að það geti leitt til raunverulegrar hættu á að ítarlegt umverfismat farist fyrir. Þetta er varasöm þróun og tímabært að ríkisstjórnin móti hófsama stefnu með skýru regluverki þar sem náttúran og fjölbreyttir atvinnuhættir njóta vafans. Náttúran tilheyrir engu okkar og við eigum engan rétt á henni umfram hóflega nýtingu til farsællar afkomu án þess að valda henni tjóni.

**Náttúran tilheyrir engu okkar og við eigum engan rétt á henni umfram hóflega nýtingu til farsællar afkomu án þess að valda henni tjóni.**

FÉLAG ELDRI BORGARA Í REYKJAVÍK OG NÁGRENNI
FEB

**Aðalfundur FEB árið 2018**

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni verður haldinn miðvikudaginn 28. febrúar 2018 og hefst kl. 15.30 í Ásgarði, Stangarhyl 4, Reykjavík.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári
3. Ársreikningar félagsins fyrir árið 2017
4. Kosning stjórnar
5. Afgreiðsla tillagna og erinda
6. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2018
7. Önnur mál

Fundurinn verður haldinn, sem fyrr segir, **miðvikudaginn 28. febrúar og hefst kl. 15.30.**

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér félagsskírteini fyrir árið 2017.

Stjórn FEB - Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

## Halldór




## Frá degi til dags

**Faldi kostnaðurinn**

**Síðastliðin fimm ár hafa þingmenn fengið tæpar 217 milljónir endurgreiddar vegna aksturs síns um landið. Þau skattfrjálsu hlunnindi bætast ofan á þingfararkaupið. Þá má ekki gleyma húsnæðis- og dvalarkostnaði landsbyggðarþingmanna, kostnaði við ferðir á fundi, greiðslur vegna reksturs skrifstofu. Þá fá þingmenn einnig endurgreiðslur vegna námskeiða, áskrifta að bókum og tímaritum, síma, kostnaðar sem hlýst af móttöku gesta og kostnaðar við vinnuaðstöðu á heimili sínu. Ekki má gleyma að þeir fá tölvu frá þinginu, almennan skrifstofubúnað, ritföng, póstburðargjöld skulu greidd sem og ferðakostnaður erlendis og dagpeningar vegna þeirra. Er nema von að mann verki í skattborgarann?**

**Guðs vegir**

**Í sambandi við akstURSkostnaðinn hefur Ásmundur Friðriksson verið mest milli tannanna á fólki enda verið manna duglegastur við aksturinn. Í bráðskemmtilegu viðtali við DV komst hann svo að orði að hann æki á „Guðs vegum“. Má þar segja að þingmaðurinn víðförli hafi hitt naglann á höfuðið enda á íslenskt vegakerfi það sammerkt með vegum Guðs að vera holótt og duttlungafullt. Það er vonandi að þingmaðurinn beiti sér fyrir því að minnka líkindin þar á milli.** joli@frettabladid.is

# Opnum þennan markað



Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

Samgöngumál eru mörgum hugleikin þessa dagana og af mörgu að taka. Einn angi þessa umfangsmikla málaflokks sem lítið hefur farið fyrir snýr að leigubílaakstri. Samkvæmt núgildandi reglugerð um leigubifreiðar teljast þær til almenningssamgangna og eins og með margt annað í því kerfi er tímabært að gera bragarbót á. Undirrituð er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um frelsi á leigubílamarkaði þar sem lagt er til að samgönguráðherra verði falið að afnema hámarksfjölda atvinnuleyfa til leigubílaaksturs, fækka kvöðum fyrir veitingu þeirra og opna markaðinn fyrir aukinni samkeppni.

Til að leigubílar geti sinnt hlutverki sínu í almenningssamgöngukerfinu þarf þjónustan að vera aðgengileg og á viðráðanlegu verði. Heilbrigð samkeppni er lykillinn í því að ná þessum markmiðum. Að þeim uppfylltum gætu fleiri lagt einkabílnum varanlega, kjósi þeir að gera svo, og nýtt strætisvagna og leigubíla í bland til að sinna erindagjörðum sínum með minni kostnaði, minna álagi á vegakerfið, minna svifryki og aukinni umhverfisvernd.

Meðal kvaða sem núgildandi kerfi felur í sér má nefna að leyfishafar hafi leigubílaakstur að meginatvinnu. Kerfið hindrar þar með námsfólk og einstaklinga með skerta starfsgetu í að starfa sem leigubílstjórar. Einnig má nefna kröfur um að leyfishafar séu skráðir eigendur leigubílsins sem þeir aka og að öryrkjar þurfi að framvísa meðmælum frá Öryrkjabandalaginu og tryggingayfirlækni. Er ekki námskeið og próf til að hljóta atvinnuleyfi nægilegur mælikvarði á hæfni einstaklinga til að keyra leigubíla?

Loks er þarft að endurskoða núgildandi kröfu um að löggiltir gjaldmælar undir eftirliti Samgöngustofu séu í öllum leigubílum. Þetta ákvæði hamlar m.a. tæknilegri framþróun á borð við greiðslu í gegnum snjallsímaforrit en slíkt greiðsluform er lykilþáttur í því að opna íslenskan markað fyrir þjónustu fyrirtækja á borð við Uber og Lyft sem margir þekkja að utan. Sú þjónusta byggir á grundvelli samningsfrelsis og kostum deilihagkerfisins. Það væri vægast sagt sérkennilegt að ætla í fullri alvöru að ræða uppbyggingu almenningssamgöngukerfisins án þess að horfa til þessara þátta.

**Kerfið hindrar þar með námsfólk og einstaklinga með skerta starfsgetu í að starfa sem leigubílstjórar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Einföld lausn á umferðarvandanum

Í DAG



Pawel Bartoszek

Helstu andstæðingar borgarlínunnar og almenningssamgangna almennt hafa fært sannfærandi rök gegn nýjum sérakreinum. Þau eru þau að, sé miðað við að vagn aki á sérakrein á 7 mínútna fresti þá standi akreinin auð restina af tímanum. Þetta er auðvitað sóun því á meðan gæti vegbúturinn verið að nýtast undir venjulega, heiðarlega umferð venjulegs, heiðarlegs fólks.

„Sóun þarf að uppræta!“ segja hinir hagsýnu. En það þarf reyndar ekki að bíða eftir að ný sóun verði til áður en við getum hafist handa við að uppræta þá sem fyrir er! Þegar er ótrúlega mikið um sóun í samgöngukerfinu sem einfalt væri að losna við með tiltölulega ódýrum aðgerðum.

**Fyrsta skref: Strætóreinar**

Byrjum á þeim sérakreinum Strætós sem þegar eru til staðar. Á höfuðborgarsvæðinu er nefnilega búið að leggja marga, marga metra af strætóakreinum sem nýtast einungis fyrir tóma strætisvagna en gætu nýst almenningi. Ætli þetta séu ekki fimm kílómetrar allt í allt! Það væri sjálfsagt og auðvelt að hleypa fólksbílunum á strætóreinarnar.

Við gætum til dæmis sagt að allir bílar með yfir ákveðnum fjölda manns gætu notað þær.

Spurningin er bara: Hvaða fjölda á að miða við? Líklegast er best að notast við töluna einn þar sem langflestir ferðast einir í bíl. Ef við myndum krefjast þess að menn þyrftu að vera tveir eða fleiri, þá myndi akreinin nýtast illa og það væri sóun. Einnig: ef við myndum segja að strætóakreinin væri fyrir þá sem væru tveir eða fleiri saman í bíl þá værum við að þvinga fólk til að ferðast saman í bíl og ekki viljum við þvinga fólk.

> Samhliða flugbrautinni liggur nefnilega þjónustubraut og bílarnir gætu nýtt hana.

**Næsta skref: Stígarnir**

Reykjavík býr núorðið við sæmilegt net göngu- og hjólastíga. Því miður þá nýtist það aðallega á morgnana þegar fólk er að hjóla í vinnuna og seinni partinn þegar það hjólar heim og svo um helgar. Nýtingin er minni utan þess tíma. Kjörið væri að opna þessa stíga fyrir almenningsumferð, þ.e.a.s. umferð einkabíla.

Ein hugmynd er þar borðleggjandi. Allir sem keyrt hafa til Reykjavíkur frá Hafnarfirði hafa væntanlega komið auga á skrýtið grænt mannvirki sem liggur yfir Kringlumýrarbrautinni við botn Fossvogarins. Þetta er svokölluð „göngubrú“. Hún er ætluð fólki sem labbar og hjólar en oft er enginn að nota hana. Hví ekki að minnka þessa sóun og opna brúna fyrir umferð léttari fólksbíla á morgnana?

Þannig gætu nemendur HR tekið brúna og keyrt svo eftir hjóla- og göngustígnum sem lagður hefur verið Fossvogsmegin Öskjuhlíðar fyrir milljónir króna en stendur oft auður. Þeir gætu keyrt alla leið að skólanum og jafnvel lagt á sjálfri Ylströndinni, sem oftast er tóm.

**Lokaskref: Flugvöllurinn**

„Þetta eru góðir menn og ég er vonsvikinn ef ég á að segja eins og er. Þeir stóðu sig vel. Ef stjórnarformaðurinn og framkvæmdastjórinn eru látnir fara geturðu ekki verið öruggur með þína stöðu,“ sagði Pardew.

West Brom hefur 11 leiki til að bjarga sér frá falli úr ensku úrvalsdeildinni og redda tímabilinu. En miðað við gengi undanfarinna mánaða og ástandið hjá félaginu er afar ólíklegt að það takist.

ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Afturelding - Grótta 27-29**

**Afturelding**: Gestur Ólafur Ingvarsson 4, Kristinn Hrannar Bjarkason 4, Ernir Hrafn Arnarson 4, Böðvar Páll Ásgeirsson 3, Mikk Pinnonen 3, Gunnar Kristinn Þórsson 3, Hrafn Ingvarsson 2, Bjarki Þór Kristinsson 2, Birkir Benediktsson 2.
**Grótta**: Bjarni Ófeigur Valdimarsson 9, Júlíus Þórir Stefánsson 5, Pétur Árni Hauksson 5/4, Daði Laxdal Gautason 4, Sveinn Jose Rivera 3, Sigurvin Jarl Ármannsson 1, Hannes Grimm 1, Gunnar Valdimar Johnsen 1.

**Fram - Víkingur 28-23**

**Fram**: Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 6, Svanur Páll Vilhjálmsson 6, Andri Þór Helgason 6/4, Matthías Daðason 3/1, Bjartur Guðmundsson 2, Arnar Birkir Hálfdánsson 2, Þorgrímur Smári Ólafsson 1, Viktor Gísli Hallgrímsson 1, Valdimar Sigurðsson 1.
**Víkingur**: Víglundur Jarl Þórsson 5/1, Egidijus Mikalonis 4, Hjalti Már Hjaltason 3, Ægir Hrafn Jónsson 3, Jakob Ingi Stefánsson 2, Jónas Bragi Hafsteinsson 2, Jón Hjálmarsson 2/1, Hlynur Óttarsson 1, Ragnar Áki Ragnarsson 1.

**Selfoss - Haukar 26-25**

**Selfoss**: Haukur Þrastarson 6, Elvar Örn Jónsson 5, Richard Sæþór Sigurðsson 4, Árni Steinn Steinþórsson 4, Atli Ævar Ingólfsson 3, Teitur Örn Einarsson 3, Guðjón Baldur Ómarsson 1.
**Haukar**: Halldór Ingi Jónasson 7, Heimir Óli Heimisson 5, Hákon Daði Styrmisson 5/3, Daníel Þór Ingason 3/2, Adam Haukur Baumruk 3, Tjörvi Þorgeirsson 1, Brynjólfur Snær Brynjólfsson 1.

### Domino’s-deild karla

**Haukar - KR 91-89**

**Haukar**: Paul Jones 35/8 fráköst, Kári Jónsson 23, Haukur Óskarsson 13, Emil Barja 10/8 fráköst/6 stoðs., Breki Gylfason 6, Finnur Atli Magnússon 4/7 fráköst.
**KR**: Jón Arnór Stefánsson 21, Brynjar Þór Björnsson 18, Kristófer Acox 15/12 fráköst, Darri Hilmarsson 13, Pavel Ermolinskij 11/11 fráköst/13 stoðs., Kendall Pollard 11.

### Domino’s-deild kvenna

**Snæfell - Valur 60-79**

**Snæfell**: Kristen Denise McCarthy 27/15 fráköst/5 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 16/5 stoðsendingar, Alda Leif Jónsdóttir 5, Rebekka Rán Karlsdóttir 4, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 3, Andrea Bjort Ólafsdottir 3, Júlia Steindórsdóttir 2.
**Valur**: Aalyah Whiteside 30/22 fráköst, Hallveig Jónsdóttir 15, Bergþóra Holton Tómasdóttir 14, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 7/7 fráköst, Ragnheiður Benónísdóttir 7/9 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 0/6 stoðsendingar.

EYJAMENN KOMNIR ÁFRAM

Karlalið ÍBV í handbolta er komið áfram í 8-liða úrslit Áskorendabikar Evrópu. Eyjamenn gerðu jafntefli, 21-21, við Ramhat Hashron í Ísrael á laugardaginn. ÍBV vann fyrri leikinn í Eyjum 32-25 og einvígið samanlagt 53-46. Róbert Aron Hostert og Theodór Sigurbjörnsson skoruðu fimm mörk hvor fyrir Eyjamenn sem leiddu með einu marki í hálfleik, 10-11. Agnar Smári Jónsson skoraði fjögur mörk og Sigurbergur Sveinsson þrjú. Auk ÍBV eru Berchem (Lúxemborg), Krasnodar (Rússlandi), Fyllingen (Noregi), Madeira (Portúgal), AEK Aþena (Grikklandi), Stavropol (Rússlandi) og Turda (Rúmeníu) komin áfram.



DORMA KYNNIR

SIMBA®




Eftir áralanga þróun og prófanir höfum við náð markmiði okkar.

**Við höfum búið til eina þróuðustu dýnu heims**

Simba tvinndýnan er gerð úr einstakri samsetningu 2500 keilulaga gorma og móttækilegs minnissvamps.

**Fáðu betri svefn – sama hvert svefnmynstur þitt er.**

**Simba dýnurnar eru fáanlegar í eftirtöldum stærðum**

| | |
|---|---|
| 80 x 200 cm | 64.900 kr. |
| 90 x 200 cm | 74.990 kr. |
| 100 x 200 cm | 79.900 kr. |
| 120 x 200 cm | 89.990 kr. |
| 140 x 200 cm | 99.990 kr. |
| 160 x 200 cm | 114.990 kr. |
| 180 x 200 cm | 129.990 kr. |




Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast


Fidel Castro, leiðtogi Kúbu til áratuga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

ÞETTA GERÐIST 19. FEBRÚAR 2008

## Fidel Castro lét af völdum

Fidel Castro sagði af sér sem leiðtogi Kúbu þennan dag árið 2008 eftir 49 ár á valdastóli. Hann var þá 81 árs gamall. Bróðir hans Raúl tók formlega við embættinu.

Castro veiktist alvarlega í júlí 2006. Frá þeim tíma og fram í desember það ár hélt Raúl bróðir hans um stjórnartaumana. Þá tilkynnti Castro að hann væri á ný tekinn við sem forseti en lítið sást til hans eftir það og oft vöknuðu spurningar um hvort hann væri á lífi.

Í yfirlýsingu sem Castro birti í ríkisdagblaðinu Granma 19. febrúar 2008 viðurkenndi hann að ákvörðunin um að hætta hefði verið erfið fyrir hann, ekki síst vegna þess að stjórnvöld í Bandaríkjunum, sem í 49 ár hefðu gert allt til að reyna að losna við hann, hefðu spáð því að hann myndi ekki taka við stjórninni aftur eftir veikindin.

Kúbverskir útlagar á Miami fögnuðu fréttunum um afsögn Castros en dapurleika gætti hjá sumum löndum þeirra á Kúbu sem leið eins og þeir hefðu misst föður eða löngu hjónabandi væri lokið.

Fidel Castro lést 25. nóvember 2016.

## Merkisatburðir

**1600** Perúska eldfjallið Huaynaputina springur, svo úr verður mesta eldgos í sögu Suður-Ameríku.

**1878** Thomas Edison fær einkaleyfi á grammófóninum.

**1881** Kansas verður fyrsta ríki Bandaríkjanna til að leyfa sölu alkóhóls.

**1976** Ísland slítur stjórnmálasambandi við Bretland vegna deilunnar um fiskveiðilögsögu Íslands. Samband kemst aftur á eftir rúma þrjá mánuði.



**1992** Kvikmyndin Börn náttúrunnar er tilnefnd til Óskarsverðlaunanna sem besta erlenda kvikmyndin. Hún hlaut þó ekki verðlaunin.



Ástkær dóttir okkar, móðir, tengdamóðir og vinkona,

**Linda Antonsdóttir**

sem lést á Landspítalanum 10. febrúar, verður jarðsungin frá Seljakirkju, miðvikudaginn 21. febrúar klukkan 13.

**Anton Kristinsson**
**Andri Már Helgason**
**Ævar Þór Helgason**
**Valdís Halldórsdóttir**
**Helgi Valur Árnason**
**Sólveig G. Gunnarsdóttir**
**Ragna Lind Rúnarsdóttir**
**Lilja Jónsdóttir**



Elskulegur eiginmaður minn,

**Vilhjálmur Guðbjörnsson**

lést þann 13. febrúar.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju, fimmtudaginn 22. febrúar kl. 15.

**Þorgerður Baldursdóttir**


**Sigrún Klara bað fólk að gefa sér hvorki blóm né gjafir þegar hún varð sjötug en setja aura í söfnunarbauk handa börnum í Perú, ef það væri aflögufært. Þannig söfnuðust 400 þúsund krónur fyrir skólabókasafni í fátækrahverfi í landinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Gat ekki gleymt stráknum skólausum og tötralegum

**Sigrún Klara Hannesdóttir prófessor hefur heimsótt hundrað lönd og ætti að hafa viðurnefnið hin víðförla. Fyrir 10 árum stofnuðu hún og fleiri samtökin Vinir Perú. Nú styðja samtökin við lítið þorp í fjögur þúsund metra hæð og vilja koma þar upp skólahúsi.**

Ég var með erindi sem ég kallaði Hundrað landa sýn í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði á þriðjudaginn. Það komu um 50 manns sem var bara ágætt miðað við veður og færð,“ segir Sigrún Klara Hannesdóttir prófessor glaðlega þegar ferðaafrek hennar ber á góma í upphafi spjalls. Hún hefur farið tvo hringi umhverfis jörðina og komið til um hundrað landa í þeim ferðum og öðrum.

Viðtalinu er samt ætlað að snúast um samtökin Vinir Perú því þau urðu nýlega tíu ára. Sigrún rekur samt upphafið til ársins 2005 er hún fór í fjögurra manna hópi til Perú og ferðaðist þar um undir leiðsögn heimamannsins Daníels.

„Daníel er hugsjónamaður sem styrkir skóla í fátækum þorpum og meðal annars fór hann með okkur í þorp sem hann hafði tengsl við. Flest börnin voru vel klædd en ég veitti athygli litlum dreng, skólausum og tötralegum. Krakkarnir voru að dansa utan við skólann en hann fékk ekki að vera með, þau börðu hann frá sér. Svo kom ég heim en gat ekki gleymt drengnum. Ég skrifaði Daníel og hann kom á tengslum milli okkar. Þá fæddist hugmyndin að Vinum Perú. Ég fékk sendar myndir af fleiri börnum og fann hér fólk sem var tilbúið að styrkja þau.

En svo kom hrunið, þá fækkaði í hópnum. Svo er lífið þannig í háfjöllunum að erfitt er að fylgjast með einstökum börnum, þau fara að vinna,

> **Við förum út, níu saman, með stílabækur og alls konar skólagögn, máttum vera með tvær 23 kílóa töskur hvert svo það var ekkert smáræði sem við komumst með, nærri hálft tonn.**

fjölskyldur flytja sig um set og engin þjóðskrá er í landinu.“

Ævintýrið var samt ekki búið. Í tilefni sjötugsafmælis síns efndi Sigrún Klara til ráðstefnu í Þjóðarbókhlöðunni, bað fólk að gefa sér hvorki blóm né gjafir en setja aura í söfnunarbauk ef það væri aflögufært. Þannig söfnuðust 400 þúsund krónur sem dugðu til að setja upp skólabókasafn í fátækrahverfi í Perú. „Þú verður að koma og vígja safnið,“ sagði Daníel og við förum út, níu saman, með stílabækur og alls konar skólagögn, máttum vera með tvær 23 kílóa töskur hvert svo það var ekkert smáræði sem við komumst með, nærri hálft tonn. Það var flaggað, það kom prestur og vígði safnið og það var mikil hátíð.“

Ekki er öll sagan sögð. Þegar Sigrún Klara var ung við nám í Bandaríkjunum kynntist hún Perúmanni, flutti með honum til heimalands hans og giftist honum uppi í Andesfjöllum. „Mér fannst þetta voða spennandi líf og hélt ég gæti gert eitthvert gagn,“ rifjar hún upp. „Entist í tvö ár, þá var ég búin að sjá að þetta væri ekki fyrir mig. Búin að lenda í átta stiga jarðskjálfta, fá gulu og fleiri pestir og áttaði mig á að ef ég drifi mig ekki burtu yrði ég send heim í krukku.“

Meðan Sigrún Klara bjó í Perú var lítil stúlka skírð í höfuðið á henni, fædd 1970. „Ég var búin að segja Daníel frá því að einhvers staðar í landinu væri líklega kona um fertugt sem bæri nafnið mitt. Heyrðu, heldurðu að hún mæti ekki við vígslu bókasafnsins og móðir hennar líka. Þar urðu sko fagnaðarfundir. Svo fórum við níumenningarnir og Daníel upp í þorp drengsins og kemur ekki gaurinn minn á hjóli, orðinn 14 ára, með stóran poka af maískönglum til að gefa mér. Það var voða gaman að sjá hann og við vorum með fulla flugfreyjutösku af fötum og skóm sem hann hjólaði með til baka.“

Nú styðja Vinir Perú við lítið þorp í 4.000 metra hæð sem heitir Cancha Cancha. „Við erum að koma upp skólahúsi en þangað er enginn vegur svo það þarf einhverja skepnu til að bera efnið í það,“ lýsir Sigrún Klara. „Ég held það séu um 50 börn sem eiga heima þarna og foreldrarnir eru með einhvern sjálfsþurftarbúskap. Það er ekki auðvelt fyrir okkur í velmeguninni að skilja hvernig fólk dregur fram lífið á svona stöðum. Ef það er eitthvað eitt sem maður hefur lært á þessu flakki öllu þá er það að við Íslendingar ættum að skammast okkar fyrir að kvarta, við höfum allt og miklu meira en það.“ **gun@frettabladid.is**

LIND
FASTEIGNASALA

**Uppspretta ánægjulegra viðskipta**

# VIÐ VILJUM VINNA FYRIR ÞIG

Heyrðu í okkur og leyfðu okkur
að segja þér frá okkar þjónustu.





*Heyrumst*
**Hannes Steindórsson**
Löggiltur fasteignasali
**699 5008**
hannes@fastlind.is

*Heyrumst*
**Hrafn Valdísarson**
Löggiltur fasteignasali
**775 4988**
hrafn@fastlind.is

**www.frittverdmat.is**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Útlit er fyrir allhvassa eða hvassa sunnanátt og að áfram verði vætusamt. Styttir upp og léttir til norðaustan til á landinu eftir hádegi. Hiti 3 til 8 stig.




## Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -3° | -2° |
| ↗12 | ↗19 | ↗11 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -2° | 0° | -6° |
| ↑7 | ↗10 | ↗14 |

## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 4° | -1° | 0° |
| ↖27 | ↖22 | ↖15 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 3° | -1° |
| ↖16 | ↖15 | ↖36 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | | | | | | 3 |
| | | 6 | | | 9 | 2 | | |
| 1 | | 8 | | | | | | 9 |
| | 2 | 9 | | 1 | | 7 | 3 | |
| 3 | | | 7 | | 6 | | 9 | |
| 5 | 6 | | | 3 | | 1 | | 4 |
| | | 1 | | 5 | | | | 7 |
| | 8 | | 3 | 4 | | | | |
| 6 | | | 2 | | | 8 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 4 | | | 5 |
| | | 1 | | | 8 | 4 | 9 | |
| | | 6 | | 2 | | 7 | 3 | |
| | | 4 | 2 | | 6 | | | |
| 5 | 6 | 2 | | 8 | | | 4 | |
| 1 | | | | | | | | 9 |
| 4 | | | | | | 9 | | |
| | | | | | | 5 | 7 | 2 |
| | | 5 | 9 | 3 | | 1 | 8 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 3 | | | |
| 2 | | | | 5 | 6 | | 1 | |
| 3 | | | 7 | | | | 8 | 4 |
| 7 | | 2 | | | 4 | | | 5 |
| 9 | | | 3 | 7 | | | | |
| | | | 9 | | | 4 | 6 | |
| | | 3 | | | 8 | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 6 | | |
| | | 9 | | | 2 | | | 8 |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. útbía
5. hækkar
6. í röð
8. nísta
10. tveir eins
11. kosning
12. ær
13. spaug
15. dreifa
17. tímamælir

**LÓÐRÉTT**
1. sorps
2. safna
3. samtök
4. að baki
7. töfrar
9. prettir
12. mælieining
14. farvegur
16. óreiða




**LÁRÉTT:** 1. útata, 5. rís, 6. fg, 8. gnísta, 10. aa, 11. val, 12. kind, 13. grín, 15. sáldra, 17. sólúr.
**LÓÐRÉTT:** 1. úrgangs, 2. tína, 3. así, 4. aftan, 7. galdrar, 9. svindl, 12. kíló, 14. rás, 16. rú.

## Skák Gunnar Björnsson

Sindik átti leik gegn Cebalo í Zagreb árið 1978.
**Hvítur á leik.**
**1. Hb4! Dc7 2. Hxb7! 1-0.**
Tómas Veigar Sigurðarson sigraði á Meistaramóti Hugins (norðursvæði) sem lauk í fyrradag. Gunnar Erik Guðmundsson hafði sigur á Bikarsyrpu TR sem lauk í gær.
**www.skak.is:** Lokamót Kappteflisins um Friðrikskónginn.



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 9 | 6 | 7 | 8 |
| 9 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 | 5 |
| 8 | 1 | 3 | 6 | 5 | 7 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 1 | 8 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 | 7 |
| 7 | 3 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 4 | 8 | 6 | 5 |
| 7 | 8 | 4 | 6 | 5 | 2 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 3 | 7 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 5 | 7 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 3 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 2 | 9 |
| 8 | 1 | 7 | 3 | 2 | 9 | 4 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 3 | 4 | 6 | 7 | 1 | 9 | 8 |
| 6 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 1 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 6 | 2 | 3 | 8 | 1 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 8 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 3 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 | 3 | 7 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 6 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 2 | 3 | 1 | 8 | 4 | 7 |
| 2 | 7 | 8 | 9 | 4 | 5 | 6 | 3 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli







## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. FEBRÚAR 2018

### Uppákomur

**Hvað?** Fjölbreytt fjör
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrufræðistofunni
Dagana 19. og 20. febrúar verður fjölbreytt fjör á Bókasafni Kópavogs, Gerðarsafni og Náttúrufræðistofunni. Dagskráin er sú sama báða dagana og öllum frjálst að mæta hvort sem er báða dagana eða annan, á einn viðburð eða marga! Í boði verður meðal annars danssmiðja, sögusmiðja, skákkennsla og bíósýning.

**Hvað?** Tangómilonga Tangóævintýrafélagsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar ?** Sólon Bistro, Bankastræti 7, 2. hæð
Frír kynningartími í argentískum tangó hefst klukkan 20.00. Engin danskunnátta nauðsynleg og ekki þarf að mæta með félaga. Allir velkomnir

**Hvað?** Dansnámskeið í línudansi
**Hvenær?** 19.45
**Hvar?** Danshöllinni, Drafnarfelli 2,
„Komið og dansið“ verður með námskeið í línudansi í kvöld og næstu þrjú mánudagskvöld. Skráning er í síma 5577700.

**Hvað?** Meistaramánudagar Cintamani
**Hvenær?** 18.30
**Hvar?** Úlfarsfelli, Mosfellsbæ
Vilt þú verða mánudagsmeistari í febrúar? Vilborg Arna Gissurardóttir, Tomasz Þór Veruson og Kolbrún Björnsdóttir munu leiða göngur á Úlfarsfell alla mánudaga í febrúar. Frábær leið til að byrja vikuna og fá titilinn mánudagsmeistari! Stutt og þægileg fjallganga við allra hæfi sem býður upp á stórkostlegt útsýni yfir höfuðborgina. Genginn er hringur með viðkomu á báðum toppunum. Við hittumst á bílastæðinu í Úlfarsárdal kl. 18.30


Dugnaðarforkurinn og göngugarpurinn Vilborg Arna Gissurardóttir mun ganga með fólk upp á Úlfarsfell alla mánudaga í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


Spilakvöld stofunnar hefst klukkan 19.00.

**Hvað?** Boardgamonday
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Stofan Kaffihús, Vesturgata 3
Vikulegst spilakvöld Stofunnar.

### Tónlist

**Hvað?** Mánudjass
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Húrra
Mánudjass alla mánudaga á Húrra. Húsbandið spilar eitt sett og svo er sviðið opið. Öllum er velkomið að koma og spila, syngja, dansa eða bara njóta tónlistarinnar með okkur.

### Sýningar

**Hvað?** Kvennakór Suðurnesja 50 ára – afmælissýning
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Duus Safnahús, Keflavík
Í tilefni þess að Kvennakór Suðurnesja heldur upp á 50 ára afmæli sitt í ár stendur yfir sýning í Stofunni, Duushúsum. Sýningin spannar 50 ára sögu kórsins í máli, myndum og hljóðdæmum og stendur til 11. mars. Safnið er opið alla daga frá kl. 12-17.

**Hvað?** Broen í beinni
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hverfisbarinn
Hverfisbarinn ætlar að opna dyr sínar fyrir aðdáendum Brúarinnar. Síðstu tveir þættirnir í seríunni verða sýndir á 100 tommu skjá.

**Hvað?** Bíókvöld GEY og Bíóhallarinnar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Bíóhöllin Akranesi
Í tilefni af opnum dögum í FVA ætlar GEY í samstarfi við Bíóhöllin Akranesiað sýna myndina The 15:17 to Paris. Miðinn kostar aðeins 1.000 krónur og allur ágóði rennur til Mottumars.


Hönnunarmiðstöð Íslands auglýsir nú rýmið sem hýsti hönnunarverslunina Ypsilon til útleigu. Rýmið er 42 fermetrar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Hönnunarmiðstöð Íslands auglýsir laus rými

Við leitum að leigjendum á annarri hæð frá 1. mars 2018. Um er að ræða 42 fm rými með glervegg sem snýr út að sameiginlegu rými,“ segir í tilkynningu frá Hönnunarmiðstöð Íslands sem er til húsa í Aðalstræti 2. Í tilkynningunni er tekið fram að aðilar sem vinna á sviði hönnunar og arkitektúrs koma helst til greina.

Rýmið sem er auglýst hýsti áður verslunina Ypsilon og hentar sem skrifstofa fyrir 3-4 starfsmenn eða fyrir smáan rekstur á sviði hönnunar samkvæmt tilkynningu Hönnunarmiðstöðvar. „Einnig væri hægt að reka vinnustofu í rýminu og gætu ólíkir hönnuðir tekið sig saman um að leigja rýmið í sameiningu,“ segir þá í tilkynningunni.

**EINNIG VÆRI HÆGT AÐ REKA VINNUSTOFU Í RÝMINU OG GÆTU ÓLÍKIR HÖNNUÐIR TEKIÐ SIG SAMAN UM AÐ LEIGJA RÝMIÐ Í SAMEININGU.**

Þá er Boxið svokallaða einnig laust til útleigu en það er 25 fm rými á fyrstu hæð í Aðalstræti 2. Það mun henta vel undir litla verslun og vinnustofu. **– gha**





BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

Óþekkti hermaðurinn....17:30, 20:00
Podatek Od Milosc ENG SUB....17:45
Three Billboards Outside Ebbing Missouri....17:30
Call Me By Your Name....20:15, 22:45
In The Fade....20:00
Svanurinn....22:30
Wild Mouse....22:15



# DAGSKRÁ

# Mánudagur




**UM LAND ALLT**
KL. 19:25
Kristján Már Unnarsson skoðar mannlíf í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Fyrir hálfri öld stóð til að sökkva dalnum með virkjunarlóni sem leiddi til Laxárdeilunnar þegar bændur sprengdu stíflu í mótmælaskyni. Tvö sauðfjárbú eru nú eftir í dalnum og er barnafjölskylda nýtekin við öðru þeirra.

Magnað
**Mánudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**

**GRAND DESIGNS: HOUSE OF THE YEAR**
KL. 20:00
Sérlega smart þættir þar sem við fáum innlit í nokkur glæsilegustu hús Bretlands. Flottir þættir fyrir sanna fagurkera og þá sem hafa áhuga á fallegri byggingarlist.



**THE PATH**
KL. 20:55
Þrælgóðir þættir um Eddie Lane sem gekk í öfgafullan sértrúarsöfnuð. Hann er nú milli steins og sleggju því hann hefur kynnst spillingunni sem söfnuðinum fylgir.



**CARDINAL**
KL. 21:50
Sögusviðið er sem áður smábær við Algonquin-flóa í Kanada þar sem rannsóknarlögreglumennirnir John Cardinal og Lise Delorme takast á við sérlega flókin og ofbeldisfull sakamál.



**MOSAIC**
KL. 22:35
Hver myrti Oliviu Lake? Saga hennar hefst þegar líf hennar endar og reynt að finna morðingjann með öllum ráðum. Hörkuspennandi þættir úr smiðju HBO með Sharon Stone í aðalhlutverki.




**FAR FROM THE MADDING CROWD**
KL. 22:00
Myndin gerist á Viktoríutímanum í Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathshebu Everdene.



**AMERICAN HORROR STORY**
KL. 22:00
Sögusviðið er bærinn Brookfield Heights og íbúarnir þar skiptast í tvær fylkingar eftir forsetakosningarnar 2016.




Allt þetta og meira til á aðeins 333 kr. á dag.
365.is

## STÖÐ 2

**06.00** Better Call Saul
**07.00** The Simpsons
**07.20** Kalli kanína og félagar
**07.40** The Middle
**08.05** 2 Broke Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Masterchef USA
**10.15** Hell's Kitchen
**11.00** Kevin Can Wait
**11.25** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**11.50** Empire
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.20** American Idol
**15.45** The Bold Type
**16.30** Friends
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Um land allt Kristján Már Unnarsson skoðar mannlíf í Laxárdal í Suður-Þingeyjarsýslu. Fyrir hálfri öld stóð til að sökkva dalnum með virkjunarlóni sem leiddi til Laxárdeilunnar þegar bændur sprengdu stíflu í mótmælaskyni. Tvö sauðfjárbú eru nú eftir í dalnum og er barnafjölskylda nýtekin við öðru þeirra.
**20.00** Grand Desings. House of the Year
**20.55** The Path
**21.50** Cardinal
**22.35** Mosaic
**23.25** Lucifer
**Þriðja þáttaröðin af þessum mögnuðu spennuþáttum frá Warner um djöfulinn sjálfan sem kom upp á yfirborð jarðar þegar hann fékk nóg af helvíti einn daginn.**
**00.10** Shetland
**01.10** 60 Minutes
**01.55** Gone
**02.40** Blindspot
**03.25** Knightfall
**04.05** Bones
**04.50** Six
**05.30** Six

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10** NBA 2017/2018 - All Star Game
**09.05** Leeds - Bristol City
**10.45** Selfoss - Haukar
**12.05** FA Cup 2017/2018
**13.45** FA Cup 2017/2018
**15.25** FA Cup 2017/2018
**17.05** Real Betis - Real Madrid
**18.45** Spænsku mörkin 2017/2018
**19.15** FH - Valur
**21.00** Football League Show 2017/18
**21.30** Seinni bylgjan
**23.05** UFC Now 2018
**23.55** FA Cup 2017/2018

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.50** Haukar - KR
**09.30** Gladbach - Dortmund
**11.10** Östersund - Arsenal
**12.50** Napoli - Leipzig
**14.30** NBA 2017/2018 - All Star Game
**16.25** Domino's körfuboltakvöld 2017/2018
**18.05** Haukar - KR
**19.45** FA Cup 2017/2018
**22.00** Spænsku mörkin 2017/2018
**22.30** FH - Valur
**00.30** Seinni bylgjan

## STÖÐ 3

**18.00** Fresh Off The Boat
**18.20** Pretty Little Liars
**19.05** Entourage
**19.35** Modern Family
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** Angie Tribeca
**21.20** American Horror Story: Cult
**22.00** The Last Ship
**22.40** iZombie
**23.25** The Strain
**00.30** Modern Family
**00.55** Seinfeld
**01.15** Friends
**01.40** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.25** Hvellur keppnisbíll
**07.37** Ævintýraferðin
**07.49** Gulla og grænjaxlarnir
**08.00** Stóri og litli
**08.13** Víkingurinn Viggó
**08.27** K3
**08.38** Mæja býfluga
**08.50** Tindur
**09.00** Dóra könnuður
**09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**09.47** Doddi litli og Eyrnastór
**10.00** Áfram Diego, áfram!
**10.24** Svampur Sveins
**10.49** Lalli
**10.55** Rasmus Klumpur og félagar
**11.00** Strumparnir
**11.25** Hvellur keppnisbíll
**11.37** Ævintýraferðin
**11.49** Gulla og grænjaxlarnir
**12.00** Stóri og litli
**12.13** Víkingurinn Viggó
**12.27** K3
**12.38** Mæja býfluga
**12.50** Tindur
**13.00** Dóra könnuður
**13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**13.47** Doddi litli og Eyrnastór
**14.00** Áfram Diego, áfram!
**14.24** Svampur Sveins
**14.49** Lalli
**14.55** Rasmus Klumpur og félagar
**15.00** Strumparnir
**15.25** Hvellur keppnisbíll
**15.37** Ævintýraferðin
**15.49** Gulla og grænjaxlarnir
**16.00** Stóri og litli
**16.13** Víkingurinn Viggó
**16.27** K3
**16.38** Mæja býfluga
**16.50** Tindur
**17.00** Dóra könnuður
**17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**17.47** Doddi litli og Eyrnastór
**18.00** Áfram Diego, áfram!
**18.24** Svampur Sveins
**18.49** Lalli
**18.55** Rasmus Klumpur og félagar
**19.00** Lási löggubíll

Mörgæsirnar kl. 09.24, 13.24 og 17.24



## GOLFSTÖÐIN

**08.35** LPGA Tour 2018
**13.40** Golfing World 2018
**14.30** Genesis Open
**20.00** PGA Highlights 2018
**20.55** LPGA Tour 2018

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.45** The Fits
**13.00** Woodlawn
**15.00** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**16.50** The Fits
**18.05** Woodlawn
**20.10** Eternal Sunshine of the Spotless Mind
**22.00** Far From The Madding Crowd Áhrifamikil og rómantísk mynd frá 2015 sem byggð er á samnefndri skáldsögu eftir Thomas Hardy. Myndin gerist á Viktoríutímanum á Englandi, en þar eru þrír biðlar á eftir hinni ákveðnu og sjálfstæðu Bathsheba Everdene; sauðfjárbóndinn Gabriel Oak, liðþjálfinn kærulausi Frank Troy, og hinn efnilegi piparsveinn William Boldwood. Með aðalhlutverk fara Carey Mulligan, Matthias Schoenaerts, Michael Sheen og Tom Sturridge.
**00.00** Triple 9
**01.55** Run All Night
**03.50** Far From The Madding Crowd

## RÚV

**09.25** ÓL 2018: Íshokkí kvenna
**11.10** ÓL 2018: Bobbsleðakeppni karla
**14.00** ÓL 2018: Íshokkí kvenna
**15.45** Gettu betur
**16.50** Silfrið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Elías
**18.12** Letibjörn og læmingjarnir
**18.19** Alvin og íkornarnir
**18.30** Millý spyr
**18.37** Uss-Uss!
**18.48** Gula treyjan
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Stephen Fry í Mið-Ameríku
**20.55** Brúin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Brúin
**23.20** ÓL 2018: Samantekt
**23.35** Grikkland hið forna
**00.35** Kastljós
**00.50** Menningin
**00.55** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** King of Queens
**08.24** Dr. Phil
**09.10** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.56** The Late Late Show with James Corden
**10.40** Síminn + Spotify
**13.10** Dr. Phil
**13.51** Superior Donuts
**14.14** Scorpion
**14.58** Speechless
**15.23** The Fashion Hero
**16.19** Everybody Loves Raymond
**16.42** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.28** Dr. Phil
**18.11** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**18.57** The Late Late Show with James Corden
**19.45** Stella Blómkvist á bak við tjöldin
**20.10** Jane the Virgin
**21.00** Hawaii Five-0
**21.50** Blue Bloods
**22.35** Chance
**23.25** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**00.45** CSI

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# JEEP® GRAND CHEROKEE TRAILHAWK TORFÆRUÚTGÁFAN AF ÞESSUM FRÁBÆRA JEPPA

Jeep®



## DÍSEL 3.0L V6 250 HÖ. 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING HÁTT OG LÁGT DRIF

**Quadra-Drive™ fjórhjóladrif driflæsing að aftan, loftpúðafjöðrun, 18” álfelgur, grófari dekk, 8,4” snertiskjár, lykillaust aðgengi og ræsing, rafdrifin sport sæti frammi í með hita og kælingu, leður/rúskinsáklæði, rafdrifinn afturhleri, bakkmyndavél, hiti í stýrishjóli, íslenskt leiðsögukerfi, akgreinavari, blindhornsvörn, bílastæðabakkaðstoð, hlífðarplötur undir vél, kössum og eldsneytistönkum o.fl.**

**VERÐ FRÁ: 10.490.000 KR.**



GRAND CHEROKEE
FRÁ KR. 8.990.000
TILBOÐ FRÁ:
KR. 7.990.000

CHEROKEE
FRÁ KR. 6.790.000
TILBOÐ FRÁ:
KR. 5.990.000

COMPASS
FRÁ KR. 5.890.000
TILBOÐ FRÁ:
KR. 5.480.000

RENEGADE
FRÁ KR. 4.390.000
TILBOÐ FRÁ:
KR. 3.890.000

WRANGLER
FRÁ KR. 8.490.000
TILBOÐ FRÁ:
KR. 7.990.000

**ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF**
**AFLMIKLAR EYÐSLUGRANNAR DÍSELVÉLAR**

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16















Daníel Bjarnason er sigurvegari Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunanna 2018. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Gaman að sjá að „tónlistin hafi haft tilætluð áhrif“

Tónskáldið Daníel Bjarnason hlaut Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin 2018 í gær fyrir tónlist sína í Undir trénu. Daníel vonar að verðlaunin verði til þess að Undir trénu fái enn frekari athygli.

Í gær voru norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin voru í Berlín og íslenska tónskáldið Daníel Bjarnason hlaut þau fyrir tónlist sína við kvikmynd Hafsteins Gunnars Sigurðssonar Undir trénu.

Verðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn. Daníel gat ekki verið viðstaddur og umboðsmaður hans Edna Pletchetero tók því við þeim fyrir hans hönd. Verðlaunin tileinkaði hann félaga sínum, tónskáldinu Jóhanni Jóhannssyni, sem lést þann 9. febrúar.

„Ég gat reyndar ekki farið út því ég er að stjórna upptökum á Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég sendi bara kveðjur með myndbandsupptöku,“ sagði Daníel glaður í bragði þegar blaðamaður náði tali af honum.

Daníel er að vonum himinlifandi með viðurkenninguna. „Þetta er mikill heiður og ánægjulegt að fá þessi verðlaun. Ég vona bara að þau verði til þess að myndin, Undir trénu, fái enn frekari athygli sem og íslensk kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð almennt.“

Dómnefndin rökstuddi verðlaunaafhendinguna með eftirfarandi hætti: „Hin frábæra tónlist Daníels virkar á köflum sem hálfgerð árás á skilningarvit áhorfandans. Upplifunin er unaðslega óþægileg, ef þannig mætti orða það. Hljóðrásin veitir hinni brengluðu kvikmynd aukna dýpt og undirstrikar brothætt sálarlíf persónanna. Tónræn áferð er frumleg og framvinda stefja óvænt. Framúrskarandi kvikmyndatónlist.“

Spurður út í hvernig honum líði við að lesa umsögn dómnefndar segir Daníel: „Það er alltaf gaman að lesa það sem einhver annar segir. Mér finnst bara gott að fólk noti svona sterk lýsingarorð og að tónlistin hafi haft tilætluð áhrif. Það var alltaf hugsunin hjá mér og Hafsteini að tónlistin væri svolítið afgerandi og væri stór hluti af myndinni þó að hún væri kannski notuð sparlega. Og það held ég að hafi tekist ágætlega.“

Aðspurður nánar út í samstarf hans og Hafsteins Gunnars segir Daníel að þeir hafi verið í stöðugu samtali frá því að myndin var bara handrit. „Við vorum í miklu sambandi alveg frá fyrstu stigum. Við náðum að tala nóg um tónlistina, en svo er alltaf eitt að tala um tónlist og annað að hlusta á hana og búa hana til. Ég gerði nokkuð mikið af skissum og prufum og svo sigtuðum við úr því. Það var mjög gott, að vinna þannig, því Hafsteinn var kominn með nóg af tónlist á meðan hann var enn að klippa myndina.

Þegar Daníel er spurður út í hvort hann ætli að semja meiri kvikmyndatónlist á næstu misserum segir hann: „Já, það er eitthvað í pípunum en ekki beint eitthvað sem ég get talað um akkúrat núna.“

gudnyhronn@frettabladid.is




## Undir trénu

**Grín/drama**
**Kom út árið 2017**
**Leikstjóri:** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson
**Aðalhlutverk:** Steinþór Hróar Steinþórsson, Edda Björgvinsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Þorsteinn Bachmann og Selma Björnsdóttir.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*, Máté Dalmay *mate@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU ÞÉR OSTAGOTT

Domino's




# 1.490 KR

ALLAR STÓRAR PIZZUR AF MATSEÐLI
EF ÞÚ SÆKIR, VIKUNA 19.–25. FEBRÚAR 2018.
PÖNNUPIZZA: 1.590 KR.

## MÁNUDAGURINN 19. FEBRÚAR

Með fyrstu 1.000 Megavikupöntunum dagsins fylgir bíómiði á Death Wish eða varningur tengdur myndinni.

## ÞRIÐJUDAGURINN 20. FEBRÚAR

Flaska af Domino's köldu 2 l Coke fylgir með fyrstu 1.000 Megavikupöntunum dagsins.

## MIÐVIKUDAGURINN 21. FEBRÚAR

Brauðstangir Deluxe með brauðstangasósu fylgja með fyrstu 1.000 Megavikupöntunum dagsins.




WWW.DOMINOS.IS

SÍMI 58 12345

DOMINO'S APP

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Guðmundar Brynjólfssonar



## Breytni eftir Kristi

De Imitatione Christi er ágæt bók sem kennir manni að haga sér. Aðferðin er sú að maður eigi að reyna að haga sér sem Kristur. Það er mikið verk. Höfundur bókar er Thomas A. Kempis en því nafni svipar til nafns argentínska fótboltamannsins Mario Kempes – mér er ókunnugt um skyldleika. Ég hef stundum (ætlaði að skrifa „Ég hef alltaf“ sem er bláköld lygi, svo ég hætti við það) reynt að breyta sem Kristur. Það gerir manni gott.

Einu sinni sem oftar kom ég sjálfum mér á sjúkrahús. Vaknaði þar upp og vissi sem var; sjúkdóm og lækningu. Batnaði þó ekki til frambúðar. Þarna lá ég í bælinu og drakk Gatorade við ævilöngum þorsta. Leit ég þá í næsta rúm og sá þar sovétlærðan leiklistarmeistara. Hann drakk og Gatorade við svipuðum þorsta. Okkur varð strax vel til vina enda andans menn og báðir gáfaðri en hinn.

En eitt var þarna helvíti. Þeir bönnuðu honum að reykja, meistaranum, en límdu á hann plástra. Hann vildi samt reykja. Þetta var straff sem tók ekki nokkurn nótís af þjáningum manns sem vildi fá sitt tóbak þar til yfir lyki. Reyndar var hann ekki neitt að deyja – en hann setti það þannig upp. Og þá telur það. En það voru fleiri snurður á; þessi gúrú og frumkvöðull í íslenskri nútímaleiklist, átti ekkert tóbak.

Ég djákninn, afréð að breyta líkt og Kristur, braut því þau boð sem ég var þarna seldur undir; þá reglu að mér væri óheimilt að yfirgefa sjúkrahúslóðina. Ég fór og keypti tvo pakka af Royal og gaf gamla leikstjóranum.

Hann ljómaði. Ég slapp – því ég breytti rétt. Af þessu má læra að það borgar sig ekki að reykja Royal og – De Imitatione Christi er finasta bók að fara eftir í nauðum. Og jafnvel oftar.


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

GLAMOUR.is



Allt það helsta úr heimi TÍSKUNNAR á einum stað

GLAMOUR.IS

# 3 AUKA DAGAR!

ÓTRÚLEG TILBOÐ!

ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á MIÐVIKUDAGINN KL. 18:00

TRYGGÐU ÞÉR RÚM Á FRÁBÆRU VERÐI!

20-70% AFSLÁTTUR!

1. DÆMI
Stærð 90x200 sm
VERÐ FRÁ 58.596 kr.
(Dýna, botn og fætur)

2. DÆMI
Stærð 120x200 sm
VERÐ FRÁ 68.622 kr.
(Dýna, botn og fætur)

3. DÆMI
Stærð 153x200 sm
VERÐ FRÁ 87.234 kr.
(Dýna, botn og fætur)

4. DÆMI
Stærð 193x203 sm
VERÐ FRÁ 213.459 kr.
(Dýna, botn og fætur)

VAXTALAUSAR GREIÐSLUR Í 12MÁN.* OG FYRSTA GREIÐSLA Í JÚNÍ!



rekkjan HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Ármúla 44 ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

(*Miðað við 12 mánaða vaxtalausan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi)

ARGH!!! 190218#11